

Stjórnarfundur MNÍ

Dags.: 12. apríl 2018

Staðsetning: Lýsi

Mættir: Laufey, Guðjón, Zulema og Eva Björg (ritari)

Dagskrá fundar:

1. Niðurstöður stefnumótunarhópa

Stefnumótunarhópur matvælafræðinga

- Eiga enn eftir að hittast og halda fund
- Er verið að skoða heimasíðuna, hvað eru margar heimsóknir á dag?
 - o Hugsanlega hafa það eina af spurningunum
- Standa vörð um fagið m.a. með því að fylgjast með þingmálum og reglugerðum um málefni sem varða matvæla- og næringarfræðinga
- MNÍ verði brú milli félagsmála og menntastofnana

Stefnumótunarhópur næringarfræðinga

- Voru með fund 28. mars og settu fram tillögur að spurningum til að bera undir félagsmenn (er í sérskjali)
- Tillögurnar voru teknar upp á fundi á vegum Næringarhóps MNÍ 30. apríl þar sem öðrum félagsmönnum í næringarfræði var einnig boðið á
- Þeir sem mættu á fund næringarhóps voru áberandi sammála um að það sem væri mikilvægast fyrir félagið er að:
 - o Standa vörð um hagsmuni félagsmanna og vera með næringarhóp annars vegar og matvælahóp hins vegar
 - hér var einnig rætt um að það þyrfti að fylgjast með þingmálum og reglugerðum og hafa talsmann hvors hóps fyrir sig sem svarar fyrir málefnum sem varða fögin
 - o MNÍ dagurinn
 - allir sammála um að hafa blaðið áfram og sáttir við að það sé rafrænt
 - o Vettvangsferðir

2. Undirbúningur fyrir stefnumótunina – skoðanakönnun

- Laufey ætlar að gera tillögur að spurningum sem við látum ganga á milli stjórnarmeðlima
- Eva Björg ætlar að setja spurningar í Survey monkey

3. Undirbúningur fyrir aðalfund

- Höfum rætt áður að hafa aðalfund 16. maí kl. 17:00 sem stendur enn
- Búið að fá leyfi til að halda fund í Lýsi
- Skv. handbók MNÍ ber að boða fund með a.m.k. 14 daga fyrirvara
 - o Síðasta lagi 2. maí
- Annað hvert ár er kosinn formaður og tveir stjórnarmenn og hitt árið tveir

stjórnarmenn

- Rætt um stjórnarkjör og skipulag innan stjórnarinnar
- Niðurstöður úr skoðanakönnun
- Rætt um hugmyndir að kynningum og veitingum fyrir aðalfund

4. Ferðin til Eyja

- Mögulega helgina 19.-20. maí.
- Búið að ræða við Thelmu og hún ætlaði að ræða við þabba sinn Grím kokk og samkvæmt henni er hann til í þetta og ekki skipti næaki þótt þetta væri á laugardegi
 - o Laufey ætlar að fylgja þessu eftir
 - o Spurning um að fá tilboð á Slippnum til að borða hádegisverð
- Fyrsta ferja fer frá Landeyjahöfn kl 8:30 og fólk myndi koma sér saman í bíla og í Landeyjahöfn sjálf

5. Skipulags- og innanbúðarmál stjórnar. Fyrirkomulag á félagalistum, tölvupóstum, fundargerðum etc.

- Rætt var um að breyta um póstkerfi, erum hjá Símanum og stjórnarmeðlimir eru hrifnari af G suite eða Office365
- Hvaða kröfur gerum við til póstkerfis?
 - o Ætlum að útbúa þarfagreiningu, Guðjón ætlar að heyra í Guðrúnu Kristínu
 - Þarf til dæmis að vera aðgangur fyrir minni undirbúningshópa þar sem stjórnarmeðlimi geti fylgst með framvindu

6. Önnur mál

- MNÍ dagur: þurfum að vera búin að panta sal, fá fólk í undirbúningsnefnd og ákveða þema fyrir aðalfund

Næsti fundur: Þriðjudagur 8. maí kl. 16:30 í Lýsi